




Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • síðmennt

Viðbrögð við tillögum um aðgerðir í skýrslu um úttekt á Borgarholtsskóla





Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • síðmennt

10. október 2013

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Stefán Baldursson skrifstofustjóri
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Viðbrögð við tillögum um aðgerðir í skýrslu um úttekt á Borgarholtsskóla


Við fögnum vel unninni úttekt á starfsemi Borgarholtsskóla. Úttektin er almennt jákvæð um starfsemi skólans og rekstur hans og gefur tilefni til að gleðjast yfir fjölmörgu sem vel er gert. Ýmislegt má þó að sjálfsögðu bæta og vönduð utanaðkomandi álitsgerð er gagnleg í slíku umbótastarfi.

Með þessu bréfi fylgja viðbrögð Borgarholtsskóla við níu umbótatillögum sem settar eru fram á bls. 43 í úttektarskýrslunni.

Á kennara- og starfsmannafundi 20. sept. sl. var unnið með tillögur að einstökum aðgerðum. Starfsmenn skiluðu skriflegum hugmyndum um hvernig mætti bæta einstaka þætti í starfsemi skólans. Þessar tillögur eru m.a. felldar inn í meðfylgjandi aðgerðaáætlun.

Borgarholtsskóli er í stöðugu umbótaferli og eru úrbætur í kjölfar matsskýrslunnar í samræmi við stefnuskrá og gæðakerfi skólans. Þess er að vænta að aðgerðaáætlunin verði til umræðu á fundum með fulltrúum ráðuneytisins um skólasamning.

Virðingarfyllt,


Bryndís Sigurjónsdóttir, skólameistari

**Áætlun Borgarholtsskóla um úrbætur í skólastarfi í kjölfar úttektarskýrslu
Gát sf. fyrir menntamálaráðuneytið**

15. október 2013

1.

Gera þarf sameiginlegt átak nemenda, kennara og annars starfsfólks til þess að bæta umgengni í húsum skólans.

Þótt oft hafi vakið athygli hversu hreint og vel þrifið skólahúsið er koma fram ábendingar um að umgengni í bóknámshúsi sé ábótavant og hið hreina yfirbragð byggi að mestu á starfi ræstingafólks. Þetta starfsfólk kvartar undan umgengni starfsmanna og nemenda. Starfsmenn eru sér meðvitaðir um að þeir þurfi að bæta eigin umgengni og hvetja nemendur frekar til dáða. Skerpa þarf á reglum um umgengni. Bóknámshúsið hefur verið kortlagt og hafa kennarar, aðrir starfsmenn og nemendur verið gerðir ábyrgir fyrir umgengni á tilteknum svæðum. Nemendur hafa verið kallaðir til meiri ábyrgðar með formlegum hætti, m.a. með aðkomu nemendaráðs. Kennarafundur fjallaði um málið 20. september og komst að tiltekinni niðurstöðu. Efnið verður ítrekað á lýðræðisfundum nemenda í nóvember og mun niðurstaða þar verða frekara innlegg í aðgerðir sem verða framkvæmdar í upphafi næstu annar.

2.

Bæta þarf vinnuaðstöðu kennara

Eftir að skýrslan var samin hefur verið unnið að því að bæta vinnuaðstöðu kennara jafnt og þétt. Haustið 2013 var tekin í notkun nýuppgerð aðstaða málmíðngreinakennara, bæði vinnuaðstaða og kaffistofa. Aðstaða bílgreinakennara var yfirfarin; skipt var um gólfdukk og aðstaðan máluð. Nýr fyrirlestrarsalur var tekinn í notkun í haust. Búið er bæta aðstöðu bóknámskennara og bregðast við úrbótatillögum þeirra: GSM fjarskiptabúnaður hefur verið fjarlægður af þaki húss og loftplötur hafa verið endurnýjaðar. Unnið er að því að bæta loftræstingu í vinnuaðstöðu bóknámskennara. M.a. stendur til að setja sérstakar loftristar á gluggana. Því verki verður lokið fyrir haust 2014. Til lengri tíma þarf stærra og kostnaðarsamari aðgerð til að bæta loftræstingu í vinnuaðstöðu bóknámskennara.

3.

Huga þarf að skipulagi og stjórnun með það að markmiði að skilgreina hlutverk allra hlutaðeigandi, virkja þá til verka og greiða fyrir samvinnu og samskiptum milli mismunandi starfseininga.

Borgarholtsskóli er í umbreytingaferli. Stefnt er að því að opna nýtt gæðakerfi Borgarholtsskóla um næstu áramót þar sem birtast allar starfslýsingar og helstu verkferlar. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri gæðamála sem starfar með gæðaráði. Skipulagsbreytingar verða á starfsemi skólans frá og með hausti 2015 þegar nýjar námsbrautalýsingar hafa allar tekið gildi og samið hefur verið um vinnutíma kennara. Við útfærslu breytinganna verður miðað við að hlutverk allra hlutaðeigandi verði

skýrari og að þær auki eða auðveldi samvinnu og samskipti en m.a. er gert ráð fyrir að einfalda það skipulag sem skólinn starfar eftir.

4.

Efla þarf gæðamál með virkari þátttöku nemenda og skýrari tengingum milli stefnu skólans, skólanámskrár og innra mats með það meðal annars að markmiði að bæta samskipti og líðan nemenda sem og starfsmanna. Greiningum á niðurstöðum innra mats þarf að fylgja eftir með aðgerðaáætlunum þar sem þeirra er þörf.

Stefnuskrá skólans er tiltölulega ný (2012) en þriggja ára tímabili innra mats lauk vor 2013. Því er ekki fullt samræmi milli stefnunnar og matsins. Innra matið er nú orðið hluti af gæðakerfi skólans og er í endurskoðunarferli þar sem tekið er mið af nýrri stefnuskrá. Ný þriggja ára áætlun um sjálfsmat skólans verður tilbúin í lok nóvember. Í áætluninni er gert ráð fyrir að starfsemi skólans í heild verði metin sem og einstakar starfseiningar hans, s.s. kennsla, stjórnun og þjónustusvið (bókasafn, skrifstofa o.fl.)

5.

Setja þarf skólanum siðareglur

Stofnaður hefur verið rýnihópur til að forma siðareglur fyrir skólann í heild. Þær munu byggja á almennum siðareglum og samskiptareglum sem koma fram í starfsmannastefnu skólans, siðareglum starfsstétta innan skólans og niðurstöðu hópavinnu kennarafundar. Hópurinn skilar tillögum um áramót og verða þær lagðar fyrir starfsmenn á vorönn. Á það má þó benda að hvergi í lögum um framhaldsskóla 2008 er að finna ákvæði um að hver stofnun eigi að hafa sínar eigin siðareglur þó svo að það geti hugsanlega verið til bóta.

6.

Virkja þarf kennara til þess að nota Námsþingið meira og betur og efla lærdómssamfélagið innan skóla til þeirra verka.

Reglulega eru haldin námskeið fyrir kennara í notkun Námsþingsins. Lögð verður áhersla á að leiðbeina kennurum og benda þeim á möguleika Námsþingsins, m.a. til að halda utan um verkefnavinnu nemenda. Einstaklingsaðstoð í notkun Námsþings er í boði. Nemendum verður veitt sérstök aðstoð við Námsþingið í upphafi haustannar hvers árs.

7.

Efla þarf hlutverk nemendafélags í hagsmunagæslu gagnvart skólayfirvöldum.

Kallað er eftir skoðun nemenda á starfsemi skólans á skólafundi einu sinni á vetri. Á vorönn 2013 var haldinn sérstakur lýðræðisfundur þar sem nemendur komu með ýmsar ábendingar til bóta á skólastarfinu. Unnið hefur verið úr niðurstöðunum og munu nemendur kjósa um forgangsröðun úrbótaverkefna á fésbókinni nú í október. Niðurstöður verða kynntar á skólafundi 25. október og aðgerðaætlun lögð fram í kjölfarið. Héðan í frá verður reglulega kallað eftir hugmyndum nemenda á skóla- eða lýðræðisfundum.

8.

Efla þarf umræðu meðal kennara (og annarra starfsmanna) um skólabrag og faglega ábyrgð þeirra við mótun hans.

Umræða var um skólabrag á kennarafundi 20. september 2013 og fela niðurstöður umræðunnar í sér margvísleg bætun. Það skapar óneitanlega viss vandamál eða a.m.k. viðfangsefni hversu fjölbreyttur skólinn er, með mörg mjög ólík svið og ólíka menningu. Hins vegar er þessi fjölbreytni um leið styrkleiki. Við skólann starfa u.þ.b. 140 starfsmenn. Erfitt hefur reynst að skapa liðsheild ólíkra sviða sem búa við ólík kjör sem skapað hefur rígt milli þeirra. Mismunandi skipulag er í starfsemi skólans. Lotur, bekkir og áfangar rekast oft illa saman en það myndi skapa meiri heildarbrag ef skólinn starfaði í einu kerfi sem gæfi nemendum tækifæri til að nýta betur námsframboð þvert á brautir. Gerðar hafa verið tilraunir með heildarkerfi og fyrirhugað er að festa þær í sessi þegar yfirstandandi breytingaferli er lokið, samið hefur verið við kennara um laun og vinnutíma og framhaldsskólalögin 2008 hafa verið innleidd að fullu haustið 2015.

9.

Skerpa þarf spurningar sem meta skólabrag (einkum samskipti og líðan) í innra mati með það að markmiði að komast að rótum ágreiningsmála sem eru til staðar í starfsmannahópnum.

Verið er að uppfæra innra matið í anda nýrrar stefnuskrár og í anda nýrra laga. Spurningar um skólabrag verða skerptar í endurskoðuðu innra mati í viðleitni til að komast að rótum vandans.